

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 14/2004**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2003 frá 7. nóvember 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB frá 24. nóvember 1999 að því er varðar skilgreiningar könnunaratriða, skrána yfir landbúnaðarafurðir, undantekningar frá skilgreiningunum og svæði og héruð er varða kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2002 frá 24. júlí 2002 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB að því er varðar skilgreiningar könnunaratriða, undantekningar frá skilgreiningunum og svæði og héruð er varða kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) í XXI. viðauka við samninginn:

„23a. **32000 D 0115:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB frá 24. nóvember 1999 að því er varðar skilgreiningar könnunaratriða, skrána yfir landbúnaðarafurðir, undantekningar frá skilgreiningunum og svæði og héruð er varða kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum (Stjtið. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32002 R 1444:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2002 frá 24. júlí 2002 (Stjtið. EB L 216, 12.8.2002, bls. 1).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 60 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 41.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 216, 12.8.2002, bls. 1.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Liður G/05 I d) í I. viðauka gildir ekki í Noregi.
- b) Eftirfarandi undirliður bætist við lið H/03 II í I. viðauka:  
„4. Ófrjósamt skóglendi og svæði vaxin skógarkjarri.“
- c) Eftirfarandi undirliður bætist við lið H/02 II í I. viðauka:  
„Að auki er eftirfarandi undanskilið í Noregi:  
– Ófrjósamt skóglendi og svæði vaxin skógarkjarri.“
- d) Síðasti málsliður liðar J/15 II í I. viðauka gildir ekki í Noregi.
- e) Eftirfarandi bætist við skrána í þriðju málsgrein II. liðar undir fyrirsögninni „Landbúnaðarstarfsmenn á bújörðinni“ í lið L (Landbúnaðarstarfsmenn) í I. viðauka:  

„Ísland	16 ár
Liechtenstein	16 ár
Noregur	16 ár“““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2000/115/EB og reglugerðar (EB) nr. 1444/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*